

Nd.

457. Frumvarp til laga

[221. mál]

um breyting á lögum um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, nr. 23/1952.

Flm.: Benedikt Gröndal, Gylfi Þ. Gíslason, Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

Við 42. gr. laganna orðist svo:

Í hverju fyrirtæki, þar sem 5 verkamenn eða fleiri vinna að staðaldri, skulu þeir velja sér trúnaðarmann og tilkynna vinnuveitanda val hans. Ef verkamenn eru 25 eða fleiri, er heimilt að velja fleiri en einn trúnaðarmann. Starfi fyrirtæki í aðgreindum deildum, skal vera trúnaðarmaður fyrir hverja deild. Þegar trúnaðarmenn eru fleiri en einn, skal kjósa einn þeirra yfirtrúnaðarmann, og skipulegur hann þá starf þeirra allra. Heimilt er ráðherra að setja reglugerð um val trúnaðarmanna að fenginni umsögn Alþýðusambands Íslands.

Trúnaðarmenn verkamanna skulu fylgjast með starfstilhögun í fyrirtæki í samráði við vinnuveitanda og lita eftir, að haldnar séu settar reglur um öryggisútbúnað og hollustuhætti. Vinnuveitandi og verkstjórar skulu ráðgast við trúnaðarmenn um allt það, sem snertir öryggi verkamanna við vinnu og annan aðbúnað þeirra.

Hafi trúnaðarmaður verkamanna kvartað við vinnuveitanda eða verkstjóra um eitthvert atriði, er snertir öryggi verkamanna eða hollustu við vinnu og annan útbúnað þeirra, skal trúnaðarmanninum tilkynnt að hæfilegum tíma liðnum, hvað gert verður vegna umkvörtunarinnar.

Öryggiseftirlitsmenn skulu jafnan leita upplýsinga um viðkomandi fyrirtæki hjá trúnaðarmönnum verkamanna, þegar litið er eftir fyrirtækinu, en trúnaðarmenn eru skyldir að gefa eftirlitsmönnum þær upplýsingar um fyrirtækið, er þeir geta í té látið og snerta öryggi eða hollustuhætti verkamanna.

Trúnaðarmaður verkamanna nýtur þeirrar verndar, sem ákveðin er í 11. gr. laga nr. 80/1938, um stéttafélög og vinnudeilur. Vinnuveitandi skal gera trúnaðarmönnum kleift að gegna hlutverkum sínum í vinnutíma og greiða þeim engu að síður full laun.

2. gr.

Á eftir 42. gr. laganna komi ný gr., svo hljóðandi:

Í hverju fyrirtæki, þar sem 25 eða fleiri verkamenn vinna að staðaldri, skal vera hollustunefnd, skipuð jafnmörgum fulltrúum verkamanna og vinnuveitenda. Einn eða fleiri trúnaðarmenn skulu vera meðal fulltrúa verkamanna.

Heimilt er að setja upp hollustunefnd í fyrirtækjum með færri en 25 starfsmönnum, ef samkomulag verður um eða annar hvor aðili krefst þess.

Hollustunefndum er heimilt að skipa undirnefndir.

Fyrirtæki skulu tilkynna Öryggiseftirliti ríkisins skipan hollustunefnda og breytingar á þeim. Á vinnustað skal festa upp skrá um skipan nefndanna.

Fulltrúar aðila gegna formennsku í hollustunefndum til skiptis. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Trúnaðarlæknir og annað starfsfólk við heilsugæslu í fyrirtæki eiga rétt á setu í hollustunefndum með málfrelsi og tillögurétti og ber að taka sæti í nefnd, ef meiri hluti hennar óskar.

Hollustunefndir skulu stuðla að bættum hollustuháttum og betra starfsumhverfi á vinnustöðum. Þær fjalla um allt, er varðar öryggi og heilsu starfsmanna, nýjungar eða breytingar á húsakynnum eða vélakosti og breytingar á starfsháttum. Enn fremur fjalla þær um nauðsynlega fræðslu fyrir starfsfólk varðandi öryggi og heilsuvernd.

Hollustunefndir skulu fjalla um slys, sem verða á vinnustað, eða atvinnusjúkdóma, er þangað má rekja, og gera tillögur um fyrirbyggjandi aðgerðir eftir því sem efni standa til.

Telji hollustunefndir hættu á ferðum fyrir líf eða heilsu verkamanna, geta þær kært málið til Öryggiseftirlits ríkisins, sem þá skal, ef það telur kærana á rökum reista, láta hætta vinnu á viðkomandi vinnustað, sbr. 2. mgr. 38. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Alþýðuflokkurinn hefur undanfarin þing flutt og flytur á þessu þingi tillögu (154. mál) þess efnis, að ríkisstjórninni skuli falið að láta semja frumvarp til laga um vinnuvernd og starfsumhverfi, sem miðist við viðhorf og vandamál samfélagsinnar á þessu sviði. Mundi slík löggiðf koma í stað laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, nr. 23/1952, og breytinga við þau.

Enda þótt þessi tillaga, sem hingað til hefur ekki hlotið afgreiðslu, en nú er í nefnd, næði samþykki þingsins, mundu líða eitt eða fleiri ár uns ný löggiðf tæki gildi. Hins vegar hafa komið fram á þingi upplýsingar um ástand vinnuverndar og hollustuhátta hjá stærsta iðnfyrirtæki landsins, og fiallað er um löggiðf um nýtt stórfvirkæki, þar sem þau mál eru talin enn vandasamari og hættulegri. Telur Alþýðuflokkurinn því rétt, að nú þegar verði gerðar breytingar á lögnum um öryggisráðstafanir á vinnustöðum til þess að auka aðhald á þessum sviðum og gefa verkafólki stóráukna aðild að öllu er varðar öryggi þess og hollustuhætti á vinnustað.

Lögin um öryggisráðstafanir á vinnustöðum eru 25 ára gömul. Þau eru um margt ágætlega gerð og hefðu án efa svarað kröfum síns tíma. Sérstaklega ef framkvæmd þeirra hefði verið sinnt betur og öryggiseftirlitinu veitt betri aðstaða til að leysa hið veigamikla hlutverk sitt af hendi.

Á síðasta áratug hafa orðið viðamiklar breytingar á viðhorfum til öryggis og hollustuhátta á vinnustöðum. Stafar þetta bæði af stóráukinni notkun aragrúa af mismunandi hættulegum efnasamböndum, er áður voru ekki notuð, auknum hávaða og hraða og loks af vakningu um mikilvægi þessa báttar í lífskjörum vinnandi fólks.

Allan þennan áratug hefur verið unnið að nýrri löggiðf á þessu sviði í grannlöndum okkar, sérstaklega á Norðurlöndum. Er hægt að læra mikið af reynslu annarra í þessum efnunum, og hefur raunar gefist gott tækifæri til þess í Norðurlandaráði.

Með þessu frumvarpi er aðeins tekið fyrir eitt atriði þessa umfangsmikla mála-
flokks, hollustufulltrúar starfsfólks og hollustunefndir. Er þetta gert í þeirri von,
að með þessu megi vekja áhuga starfsliðs og vinnuveitenda á þessum málum og
koma á eðlilegu samstarfi þeirra til að leysa vandamál og bæta vinnuvernd og
starfsumhverfi.

Fyrsta grein frumvarpsins er um breytingar á 42. gr., sem fjallar um trúnaðar-
menn verkamanna, er fylgist með öryggi og hollustuháttum á vinnustað. Í stað þess,
að verkamönnum sé heimilt að velja sér trúnaðarmenn, er það gert að skyldu, og
heimilað að trúnaðarmenn séu fleiri en einn, ef fyrirtæki hefur 25 eða fleiri starfs-
menn.

Önnur greinin er nýmæli og gerir ráð fyrir, að settar skuli upp hollustunefndir,
þar sem fleiri en 25 verkamenn starfa. Heimilt er að setja upp slíkar nefndir í minni
fyrirtækjum.

Nefndir þessar eru gerðar þannig úr garði, að þær stefni sem mest til samkomu-
lags um lausn aðsteðjandi vanda á hverjum stað, en ekki að þær kalli fram and-
stæður verkafólks og vinnuveitenda. Þess vegna er formennsku skipt, formaður fær
úrslitaatkvæði og semja verður um stærð nefnda á hverjum stað eftir aðstæðum og
stærð fyrirtækja.